

Garðabær
Anna María Guðmundsdóttir
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 16. maí 2023
UST202303-147/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016- 2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar og breytingar á deiliskipulagi fyrir Heiðmörk

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016- 2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar.

Í greinargerð kemur fram aðalskipulagsbreytingin felst í endurskoðun á reiðleiðum og stígum í upplandi Garðabæjar og skilgreiningu Flóttamannavegar frá Urriðaholti að Vífilsstöðum til samræmis við deiliskipulagstillögur og friðlýsingartillögu sem auglýstar eru samhliða.

Auk þess kemur fram í erindinu að markmið tillögunnar er að laga stígakerfið að deiliskipulagi Fólkvangsins í Vífilstaðahrauni, að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs í samstarfi við Umhverfisstofnun, að deiliskipulagi fyrirhugaðs fólkvangs og golfvallar í Urriðavatnsdölum. Einnig að laga stígakerfið að þeim breytingum sem hafa orðið vegna uppbyggingar í Garðabæ austan Reykjanesbrautar. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi og Elliðavatnsvegi leggist af en nýr reiðstígur komi úr Grunnavatnsskarði um Ljósollulág og niður Vífilsstaðahlíð sem tengist reiðstíg í Urriðakotshrauni.

Stofnstígar

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að stofnstígar fylgi stofn-og tengibrautum eins og hægt er og rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun vill einnig benda á þann möguleika að hafa hraðatakmarkanir á hjól á stofnstígum innan friðlýstra svæða.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

